

Reykjavík, 18.maí 2020

Efni: Umsögn við drög að stjórnarákvæði um íslenska tungu, mál nr. 98/2020.

Félag heyrnarlausra vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um fyrirbyggjandi drög að stjórnarákvæði um íslenska tungu sem var birt á samráðsgátt stjórnvalda þann 11.maí 2020, auðkennt með málsúmerinu 98/2020.

Félagið þakkar þeim sem unnu að drögum að stjórnarákvæðinu að hafa samband við félagið til að fá álit og greinargerð frá félaginu við árslok 2019. Félagið fagnar frumvarpinu en vill koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

1. Núverandi heiti frumvarpsins er „Frumvarp til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1994 með síðari breytingum (íslensk tunga)“ . Félagið vill benda á að í lögum nr. 61/2011 um íslenska tungu og íslenskt táknmál eru tungumálin bæði tekin fram og því viljum við árétta að hafa bæði tungumálin á skjalinu.
2. Í greinargerðinni með frumvarpsdrögum kemur þetta fram „*Með ákvæðinu er lögð áhersla á rétt heyrnarlausra, herynarskertra og daufblindra Íslendinga til þess að nota móðurmál sitt [...].*“ Félag heyrnarlausra leggur til að þessu yrði breytt í: „*Með ákvæðinu er lögð áhersla á rétt þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta til þess að nota íslenska táknmálið [...].* Með þessu erum við að tryggja betur rétt barna þeirra foreldra sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta og foreldra þeirra barna sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta.

Virðingarfyllst,

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður

Félags heyrnarlausra